

Súðavíkurhreppur
Jóhann Birkir Helgason
Grundarstræti 1
420 Súðavík

Reykjavík, 10.3.2022
UST202202-199/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Súðavíkurhrepps 2018 - 2030 - Langeyri

Vísað er til erindis Súðavíkurhrepps er barst 17. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Súðavíkurhrepps 2020 – 2032 vegna iðnaðarsvæðis innan Langeyrar og íbúðarsvæðis neðan Aðalgötu.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að stækka fyrirhugaða landfyllingu og iðnaðarsvæði (I9) innan við Langeyri sem stækkar til suðurs, að jörðinni Hlíð. Að norðanverðu stækkar athafnasvæði AT1 um 0,3 ha. og I9 minnkar þar sem því nemur. Í heild stækkar iðnaðarsvæði I9 um 0,5 ha. Breyting á svæði AT1 er gerð til að öll lóð Langeyrar 2 tilheyri athafnasvæðinu. Óbyggða svæðið sunnan landfyllingarinnar minnkar sem nemur lengingu I9 og opna svæðisins. Með stækkuninni skapast rými fyrir hráefnisþrær í tengslum við fyrirhugaða kalkþörungaverksmiðju og þar með dregur úr hættu á mengun í sjó vegna kalkþörungasetts sem dælt verður í land. Einnig er gert ráð fyrir að breyta svæði fyrir þjónustustofnanir neðan Aðalgötu, við Ákabúð, í íbúðarsvæði.

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulag hafnar- og iðnaðarsvæðis inn af Langeyri tók gildi í ágúst 2020. Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn¹ varðandi deiliskipulagið dags. 21. ágúst 2019.

Umhverfisáhrif

Umhverfisstofnun tekur undir, eins og fram kemur í greinargerð, að starfsemin geti haft áhrif á lífríki, ásýnd, loftgæði (ryk), hljóðvist og valdið gruggi í sjó. Jafnframt er tekið undir að stærri landfylling veldur meiri röskun á sjávarbotni og fjörunni.

Umhverfisstofnun telur að stækkun á hráefnissvæðinu geti aukið sveigjanleika og jafnvel haft jákvæð áhrif á starfsemina. Það er hins vegar óljóst að mati stofnunarinnar hvort stækkun á hráefnissvæðinu muni hindra að kalkþörungasetið berist til sjávar með tilheyrandi mengun og röskun á lífríki sjávar.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé með ítarlegri hætti um stækkun hráefnissvæðisins og umhverfisáhrif þess við gerð deiliskipulagsbreytingarinnar.

¹ https://ust.is/library/sida/atvinnulif/Tillaga_-_Deiliskipulag_-_Langeyri_%c3%ad_S%c3%ba%c3%b0av%c3%adkurhreppi.pdf

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur